Er talið að atvinnuástand muni jafnvel skána á næstunni þar sem lausum störfum fjölgaði talsvert í mars, um 111. Þó hafa borist fréttir af erfiðleikum sums staðar á landsbyggðinni. Á vef Alþýðusambands Íslands www.asi.is kemur fram að á Bakkafirði hafi fjórum síðustu starfsmönnum í saltfiskverkuninni Gunnólfi verið sagt upp störfum og á Flateyri hafi níu konum í fiskvinnslunni Kambi verið sagt upp störfum í apríl.

Atvinnulausum á landinu öllu fækkaði í mars um 103 frá fyrri mánuði. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði atvinnulausum um 29 og á landsbyggðinni um 74. Síðastliðna 12 mánuði dró úr fjölda atvinnulausra alls staðar nema á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Miðað við tölur Vinnumálastofnunar virðist atvinnuástandið núna vera einna verst á Suðurnesjum.

*www.asi.is*

KÓPAVOGSKIRKJA

## Organisti og kórstjóri

Kársnessókn auglýsir eftir organista og kórstjóra við Kópavogskirkju.

Í kirkjunni er 33 radda mjög gott orgel og við kirkjuna starfar kór sem skipaður er góðu söngfólki. **Við óskum eftir organista og kórstjóra sem hefur færni, áhuga og metnað til að taka þátt í og móta öflugt og þróttmikið helgihald og tónlistarlíf.** Á verksviði organista verður m.a. að spila við guðsþjónustur í kirkjunni og á stofnunum í sókninni, æfa og stjórna kór kirkjunnar og leika í bænastundum og fl. Einnig að hafa forystu í tónlistarmálum kirkjunnar í samráði við sóknarprest, sóknarnefnd og kór kirkjunnar. Bygging nýs safnaðarheimilis er hafin og áætlað er að taka það í notkun upp úr miðju ári 2008. Með tilkomu þess breytist mjög til batnaðar öll aðstaða sóknarinnar til safnaðarstarfs þ.m.t. tónlistarstarfs. Organisti fær góða aðstöðu í hinu nýja safnaðarheimili og þar verður einnig góð aðstaða til æfinga.

*Kirkjan stendur á Borgarholtinu í Kópavogi en svæðið austan hennar var þann 11. maí árið 1995, á 40 ára afmæli Kópavogsbæjar, helgað af bæjarstjórn sem lista- og menningarsvæði í nálægð Kópavogskirkju sem tákn bæjarins. Það er vilji sóknarnefndar að styðja við og taka þátt í því merka og metnaðarfulla starfi sem fram fer á svæðinu. Það yrði eitt af verkefnum organista og kórstjóra kirkjunnar að móta þau samskipti til hagsbóta fyrir svæðið í heild og Kópavog t.d. með orgeltónleikum, öðru tónleika- og söngstarfi og með samstarfi við tónlistarfólk og tónlistarnema.*

**Áhersla verður lögð á að skapa organista og kórstjóra hlýtt og gott starfsumhverfi og áhugaverðar starfsaðstæður.**
**Upplýsingar um starfið veita Kristín Líndal formaður sóknarnefndar í síma 862-8576 og sóknarprestur sr. Ægir Fr. Sigurgeirsson í síma 554-1898 og 897-3541.**

Umsóknarfrestur er til 15. maí en gert er ráð fyrir að nýr organisti taki til starfa í ágúst eða september.

Sóknarnefnd Kársnessóknar

Reykjavíkurborg
Menntasvið



## Skólastjóri Hagaskóli

**Laus er staða skólastjóra Hagaskóla næsta skólaár.**

Í skólanum eru 535 nemendur. Skólinn var stofnaður 1958 og er grunnskóli á unglingastigi með nemendur í 8. til 10. bekk. Hann tekur við nemendum úr Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Ríkar hefðir eru í skólanum og metnaður til árangurs í námi. Félagslíf nemenda er öflugt og listir í hávegum hafðar. Húsnæði skólans er gott og gefur góða möguleika til fjölbreytts starfs.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.

**Menntunar- og færnikröfur:**
- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði.
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun.
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst til óákveðins tíma vegna forfalla. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 21. maí. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða á starfsumsoknir.menntasvid@reykjavik.is. Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is og Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri Menntasviðs, ragnar.thorsteinsson@reykjavik.is í síma 411 7000. Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

UPPLÝSINGATÆKNI
TITAN

# Ertu með í sigurlið?

Við hjá Titan þökkum viðskiptavinum frábærar viðtökur á fyrstu mánuðum fyrirtækisins. Vegna mikillra umsvifa vantar okkur sérfræðinga á sviði Cisco netlausna.

Við leitum að einstaklingum sem hafa brennandi metnað fyrir krefjandi viðfangsefnum, eru drifnir áfram af árangursþörf og bera hag viðskiptavina sinna fyrir brjósti.

Við bjóðum upp á spennandi vinnustað þar sem gleði og léttleiki ríkir í bland við fagleg og fumlaus vinnubrögð. Titan er með á sínum snærum afburðarsérfræðinga sem ásamt metnaðarfullri þjálfunaráætlun gætu gert þig að doktor í Cisco netfræðum!

Ef ofangreint á við þig, láttu þá slag standa og hafðu strax samband við Benedikt Gröndal í síma **892 4509** eða á **bensi@titan.is**

2007
Preferred Partner
hp invent

CISCO PARTNER
Premier Certified

Hlíðasmári 2
201 Kópavogur
www.titan.is

Titan er ört vaxandi fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði með megináherslu á sölu og þjónustu á miðlægum lausnum fyrir stærri fyrirtæki. Mörg af stærstu fyrirtækjum landsins eru í viðskiptum hjá Titan í dag.

ATHYGLI

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

# Laus störf í leikskólum

## Deildarstjóri

- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720.
- Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855.
- Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140.

## Leikskólakennari/leiðbeinandi.

- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720.
- Drafnarborg, Drafnarstíg 4, sími 552-3727.
- Dvergasteinn, Seljavegi 12, sími 551-6312.
- Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680.
- Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855.
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.

## Leikskólasérkennari/ Þroskaþjálfi

- Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515.

## Atferlisþjálfi

- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350. Um er að ræða 75-100% stöðu.

Um er að ræða framtíðarstörf.

Allar lausar stöður í leikskólum eru auglýstar á
**www.leikskolar.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur



# Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi stöður grunnskólakennara lausar

## Laus störf í grunnskólum Reykjavíkur

**Austurbæjarskóli,** v/Vitastíg, sími 411-7200
- Íslenskukennari í 8.- 10. bekk.
- Sérkennari.

**Álftamýrarskóli,** Álftamýri 79, sími 570-8100
- Umsjónarkennari á yngsta stigi. Samkennsla árganga.
- Umsjónarkennari á unglingastigi. Kennslugreinar: líffræði og eðlisfræði.

**Árbæjarskóli,** Rofabæ 34,
sími 567-2555/664-8120/664-8121
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi og miðstigi.

**Ártúnsskóli,** Árkvörn 6, sími 567-3500
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Tónmenntakennari í hlutastarf.
- Smíðakennari í hlutastarf.
- Skrifstofustjóri í 100% stöðu. Afleysing í eitt ár.

**Borgaskóli,** Vættaborgum 9, sími 577-2900
- Danskennari í hlutastarf.
- Náttúrufræðikennari á unglingastigi.
- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi.

**Fellaskóli,** Norðurfelli 17-19, sími 557-3800
- Kennari á unglingastigi. Kennslugreinar: stærðfræði og enska.

**Foldaskóli,** Logafold 1, sími 540-7600
- Íslenskukennari á unglingastigi.
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi.
- Umsjónarkennarar á miðstigi.
- Þroskaþjálfi í 70-100% stöðu.
- Náms- og starfsráðgjafi.

**Ingunnarskóli,** Maríubaugi 1, sími 411-7828
- Dönskukennari.
- Kennarateymi í 1. bekk - (3 stöður).
- Kennari á miðstigi.
- Raungreinakennari á unglingastigi.
- Tómenntakennari.

**Korpuskóli,** Bakkastöðum 2,sími 411-7880
- Textílkennari.
- Smíðakennari.
- Þroskaþjálfi í 100% stöðu.

**Langholtsskóli,** Holtavegi 23, sími 553-3188
- Danskennari í 50% stöðu.
- Tónmenntakennari. Hlutastarf kemur til greina.

**Melaskóli,** Hagamel 1, sími 535-7500
- Þroskaþjálfi í 50-100% stöðu.

**Réttarholtsskóli,** v/Réttarholtsveg, sími 553-2720
- Sérkennari.
- Stærðfræðikennari.

**Rimaskóli,** Rósarima 11, sími 567-6464/664-8320
- Íslenskukennari á unglingastigi.
- Tónmenntakennari í 75-100% stöðu.
- Þroskaþjálfi í 75-100% stöðu.

**Seljaskóli,** Kleifarseli 28, sími 411-7500
- Heimilisfræðikennari í hlutastarf.
- Kennari á miðstigi.
- Smíðakennari í hlutastarf.

**Sæmundarskóli,** Gvendargeisla 168, sími 411-7848
- Kennari sem kennir íslensku sem annað mál.
- Sérkennari.
- Tónmenntakennari.
- Umsjónarkennarar.

**Vesturbæjarskóli,** Sólvallagötu 67, sími 562-2296
- Þroskaþjálfi í 50-100% stöðu.

**Vogaskóli,** v/Ferjuvog, sími 411-7373/664-8350
- Íþróttakennari.
- Smíðakennari í 70-80% stöðu.

**Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti eru á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélög.**

**Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

KRAFTUR HF.

# Afgreiðslumaður í varahlutaverslun

Kraftur hf. umboðsaðili fyrir m.a. MAN vörubifreiðar óskar eftir að ráða afgreiðslumann í varahlutaverslun. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi nokkra þekkingu og áhuga á vörubílum. Þokkaleg tölvu- og enskukunnátta er skilyrði.

Umsóknum skal skilað til Krafts hf. Vagnhöfða 1-3, 110 Reykjavík eða á e-mail: varahl@kraftur.is fyrir 28. apríl n.k.

*Húnavallaskóli*

# Auglýsing frá Húnavallaskóla
## í Austur-Húnavatnssýslu

Húnavallaskóli auglýsir eftir kennurum í almenna kennslu. Húnavallaskóli er um 80 nemenda skóli, staðsettur rúmlega 200 km. frá Reykjavík. Í skólanum er unnið metnaðarfullt skólastarf og þar er góð aðstaða fyrir nemendur og kennara. Nemendum er ekið daglega til og frá skóla og í skólanum er gott mötuneyti.

Flutningsstyrkur og lág húsaleiga er í boði

Slóð á heimasíðu er:
**www.hunavatnshreppur.is/hunavallaskoli**

**Meðal mögulegra kennslugreina eru:**
- enska, danska og samfélagsfræði á unglingastigi
- umsjón með tölvumálum og upplýsingamennt
- almenn bekkjarkennsla á yngra stigi
- textílmennt

Allar nánari upplýsingar veitir Þorkell Ingimarsson, skólastjóri, sem jafnframt tekur við umsóknum.
Símar: 452-4049, 452-4313 og 55-20809
netfang:**thingi@ismennt.is.**

**Umsóknarfrestur er til 15. maí**

VEISLA Í HEILA ÖLD
1907 SS 2007

# SÖLUMAÐUR

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir sölumanni í framtíðarstarf.
Einnig óskum við eftir sölumönnum í sumarstörf.

*Starfið felst í:*
- Sölu á framleiðsluvörum og innflutningsvörum fyrirtækisins í verslanir.
- Samskiptum við innkaupamenn.
- Markmiðasetningu og aðgerðaáætlanagerð

*Menntunar-og hæfniskröfur:*
- Góð reynsla af smásölumarkaði.
- Stúdendspróf og/eða starfsmenntun.
- Tölvukunnátta – skilyrði
- Góð þjónustulund og aðlögunarhæfileikar

Um er að ræða lifandi, krefjandi og metnaðarfullt starf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki.

Upplýsingar um störfin veitir Einar Viðar Gunnlaugsson sölustjóri framleiðsludeildar í síma 575-6000, e-mail einarg@ss.is eða Guðmundur E. Björnsson sölustjóri innflutningsdeildar, e-mail gummi@ss.is .

Umsóknartími er til og með: 1 maí 2007.

Mars Whiskas McCormick Uncle Ben's
Snickers Pedigree m&m's Barilla

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

## HÚSASMIÐUR

**Faxaflóahafnir sf óska að ráða húsasmið til starfa.**

Starfið felst í vinnu við ýmis viðhaldsverkefni á vegum hafnanna.
Starfsmaðurinn munu hafa starfsstöð í Bækistöð Faxaflóahafna að Fiskislóð 12 í Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Jón Guðmundsson í síma 5258951.

## Íslenskir Fjallaleiðsögumenn

Leita að starfsmönnum til eftirfarandi starfa:

Lagerstjóri
Starfið felur í sér umsjón með pökkun og undirbúning fyrir ferðir, starfsmannastjórnun, samningagerð við birgja o.fl. Reynsla af eldamennsku og þekking á landinu er æskileg. Viðkomandi þarf að hefja stöf í maí.

Sumarstarf á skrifstofu
Leitað er að starfsmanni í almenn skrifstofustörf ásamt umsjón með ferðahópum.

Jöklaleiðsögn í Skaftafelli og á Sólheimajökli
Leitað að fólki sem klifrar í ís og hefur hlotið grunnþjálfun í sprungubjörgun. Námskeið eru haldin á vorin fyrir væntanlega starfsmenn.

Umsóknir / upplýsingar:
**mountainguide@mountainguide.is / sími 587 9999**

## Samhjálp

**Laus er til umsóknar staða umsjónarmanns í Hlaðgerðarkoti, meðferðarstofnun fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Einnig eru lausar til umsóknar nokkrar stöður sumarafleysingamanna, bæði í Hlaðgerðarkoti sem og í öðrum starfsgreinum Samhjálpar.**

Störfin henta jafnt konum sem körlum. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu Samhjálpar að Stangarhyl 3A, eða á heimasíðu. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 5611000 og á heimasíðu, www.samhjalp.is

**Barnaverndarstofa**

## Staða sérfræðings við Barnahús

Barnaverndarstofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings við Barnahús. Meginverksvið sérfræðingsins er á sviði rannsóknarviðtala við börn sem grunur leikur á að hafi þolað kynferðisafbrot, meðferðar barna og ráðgjafar við barnaverndarnefndir vegna meintra kynferðisbrota. Leitað er eftir félagsráðgjafa, sálfræðingi eða sérfræðingi í uppeldisfræðum. Reynsla á sviði meðferðar barna og barnaverndarstarfi æskileg en reiknað er með að viðkomandi fái þjálfun í rannsóknarviðtölum.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður Barnahúss í síma 530 2500 eða forstjóri Barnaverndarstofu í síma 530 2600.

Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík og er umsóknarfrestur til og með 7. maí nk.

# TRÉSMIÐIR - VINNUFLOKKAR



***Vegna fjölda krefjandi verkefna vantar okkur trésmiði og verkstjóra til framtíðarstarfa. Einnig vantar okkur trésmíðaflokka í mótauppslátt, utanhússklæðningar ofl. ásamt öðrum iðnaðarmönnum, s.s. í flísalagnir.***

ANS er ungt og öflugt verkfræði- og verktakafyrirtæki sem byggir á reynslu, þekkingu og metnaði. Verkefni félagsins eru stór og fjölbreytt, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi.

Starfsumhverfið er spennandi og skemmtilegt þar sem fjölbreytt verkefni krefjast frumkvæðis og útsjónarsemi.

ANS EHF

**Upplýsingar gefur:** Jón í síma 664 2802 · jon@ans.is Þverholti 11 · 105 Reykjavík · www.ans.is

# Vörubílstjóri óskast

**StafnÁs ehf.**

*StafnÁs ehf er ungt bygginga- og verkfræðifyrirtæki, stofnað 2003. Um þessar mundir er fyrirtækið að byggja 10.500 $m^2$ fjölbýlishús og 8.000 $m^2$ skrifstofuhúsnæði.*

*Um 100 starfsmenn starfa nú hjá Stafnási. Fyrirtækið er að hefja ný verkefni í Kaupmannahöfn. StafnÁs leggur metnað sinn í fagleg vinnubrögð, gott starfsumhverfi og góðan aðbúnað á vinnustöðum.*

## StafnÁs ehf. óskar að ráða vörubílstjóra til starfa.

Viðkomandi mun stjórna nýrri Mercedes Benz dráttarbifreið með stól. Hámarksheildarþyngd bifreiðar er 26.000 kg.

Leitað er að jákvæðum, röskum og ábyrgum bílstjóra sem hefur réttindi á viðkomandi bifreið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 29. apríl nk.
Númer starfs er **6532**.

Upplýsingar veita Inga Steinunn Arnardóttir og Ari Eyberg.
Netföng: inga@hagvangur.is og ari@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



# Bílstjóri-meirapróf

**Húsasmiðjuskólinn**
Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

**Starfsmannafélag**
Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

**Heilsuefling**
Fyrirtækið og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.

**Viðskiptakjör**
Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

### Við viljum ráða áhugasaman starfsmann í akstursdeild Húsasmiðjunnar

Við leitum að ábyggilegum einstaklingi með reynslu af akstri bifreiða með tengivagni.
Meirapróf + tengivagn algjört skilyrði
Mikilvægt að viðkomandi hafi ríka þjónustulund og reynsla af kranavinnu væri kostur.

### Við viljum einnig ráða afleysingabílstjóra í sumar.

Umsóknir berist til rekstrarstjóra akstursdeildar Húsasmiðjunnar, Sigurðar Svavarssonar, **sigurds@husa.is**, fyrir 1. maí n.k.
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is**

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsa-smiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80.000 vörutegundir.
Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldrei. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

TEITUR Hópferðabílar

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra í framtíðavinnu sem og sumar afleysingar.
Hægt er að fylla út Umsóknareyðublöð á www.teitur.is
Eins má senda umsókn á E-Mail starf@teitur.is
Upplýsingar í síma: 515-2700 Mán-Föst 09-16
Einar eða Ágúst

Fasteignasala - skjalagerð

Öflug og rótgróin fasteignasala á Höfuðborgarsvæðnu óskar að ráða löggiltan fasteignasala og/eða lögmann til samninga- og skjalagerðar.

Umsækjandi þarf að vera nákvæmur, glöggur og góður í mannlegum samskiptum.
Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Umsóknir skulu berast á box@frett.is fyrir 26. apríl merkt: Skjalagerð - 101

Reykjavíkurborg ÍTR Íþrótta- og tómstundasvið



Karlmaður óskast til starfa í Grafarvogslaug

**Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu.**

Laugarnar eru tilvalinn starfsvettvangur fyrir fólk sem vill vinna í fjörugu og skemmtilegu umhverfi. ÍTR leggur áherslu á faglega og lipra þjónustu. Grundvöllur þess er vel þjálfað starfsfólk og starfsánægja.

Nánari upplýsingar veitir Hafliði Halldórsson forstöðumaður í síma 510-4600 netfang: haflidi.halldorsson@reykjavik.is. Hægt að sækja um starfið hjá Hafliða og á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Umsóknarfrestur er til 7. maí 2007.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði Íþrótta- og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar.

NOVA

Nova leitar eftir verk- og tölvunarfræðingum, vefurum og netstjórum í ýmis störf á tæknisviði. Klárir og áhugasamir munu starfa við þróunarvinnu, kerfishögun, vefhönnun og margvíslegan net- og kerfisrekstur.

Allar nánari upplýsingar um Nova á www.nova.is

Uppsteypa

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf óskar eftir hóp smiða og eða undirverktaka til að taka að sér uppsteypu, á skrifstofuhúsnæði og bílageymslu við Smáralind í Kópavogi. Um er að ræða fimmtán hæða verslunar- og skrifstofubygging samtals 16 þúsund fermetrar ásamt þriggja hæða bílastæðishúsi.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Einarsson í síma 693-7368.**



BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.




Alda Róbertsdóttir segir starfsfólk spennt fyrir að hefja störf í sumarbúðum í Reykjadal og Laugalandi í Holtum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Margir vilja vinna í sumarbúðum

***Á hverju ári sækir fjöldi fólks um störf hjá sumarbúðunum í Reykjadal og Laugalandi í Holtum.***

„Þetta er að flestu leyti sambærilegt hefðbundnum sumarbúðum, nema að tekið er tillit til sérþarfa hvers og eins," segir Alda Róbertsdóttir, forstöðumaður sumarbúða í Reykjadal og Laugalandi í Holtum fyrir fötluð börn og ungmenni.

„Starfsemin snýst mikið um útiveru og leiki," heldur Alda áfram. „Hér eru kajakbátar, hestar, sundlaug og íþróttahús til afnota. Svo ekki sé minnst á náttúruna í kring, sem er óspart notuð í fjallgöngur, veiðitúra, ratleiki og það sem kann að veita krökkunum ánægju."

Að sögn Öldu eru sumarbúðirnar opnaðar um miðjan maí og þeim lokað aftur um miðjan ágúst. „Tekið er á móti samanlagt 250 börnum og ungmennum á aldrinum sex til átján ára. Hvert þeirra fær úthlutað einni til tveimur vikum og er raðað niður í hópa eftir aldri og skerðingu. Svo er ungmennum á aldrinum 18 til 25 ára boðið upp á sumarnámskeið og verður Jónsi Í svörtum fötum meðal annars með tónlistarnámskeið í ár. Síðan er boðið upp á helgardvöl á veturna."

Eins og gefur að skilja þarf stóran hóp til að halda utan um búðirnar og segir Alda 70 starfsmenn tekna inn á sumrin. „Það er gríðarleg aðsókn hingað, yfirleitt 200 umsóknir, og við getum því valið úr úrvalsfólki. Yfirleitt er þetta skólafólk á aldrinum 18 til 28 ára, sem er að mennta sig á uppeldissviði. Við tökum inn þá sem hafa brennandi áhuga og uppfylla kröfur um menntun og hæfni. Þeir sitja síðan þriggja daga skyldunámskeið, þar sem allt sem viðkemur starfinu er kennt. Starfsmennirnir fá síðan vinnu yfir veturinn og hafa sumir unnið hér í heil sex ár."

Alda telur gott orðspor vera helstu ástæðuna fyrir ofangreindri aðsókn. Vel sé látið af sumarbúðunum og fólki finnist heiður að vinna með krökkunum. Svo spilli útiveran og leikirnir heldur ekki fyrir.

Alda bendir á að laun séu greidd samkvæmt kjarasamningum Eflingar. „Þau eru í samræmi við laun annarra uppeldisstétta. Starfsfólk vinnur langa daga og við það hækka launin."

Að sögn Öldu ríkir mikil eftirvænting hjá starfsfólki að hefja störf enda spennandi og lærdómsríkt sumar fram undan.

Sjá www.slf.is

*roald@frettabladid.is*

## Góðir Íslendingar

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS EFNA TIL MORGUNVERÐARFUNDAR UM ERLENT STARFSFÓLK.



Góðir Íslendingar - erlent starfsfólk, er yfirskrift morgunverðarfundar sem Samtök atvinnulífsins standa fyrir.

Erlent starfsfólk á Íslandi verður til umræðu á morgunverðarfundi miðvikudaginn 25. apríl sem Samtök atvinnulífsins efna til. Yfirskrift fundarins er Góðir Íslendingar – erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði.
Rannveig Sigurðardóttir, forstöðumaður greiningardeildar Seðlabanka Íslands, Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, og Sólveig Jónasdóttir, verkefnastjóri hjá Alþjóðahúsi, flytja erindi en fundarstjóri er Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.
Fundurinn fer fram á Grand Hótel Reykjavík kl. 8-10 en nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA www.sa.is

VINNUEFTIRLITIÐ

## Vinnueftirlitið óskar að ráða eftirlitsmann til starfa á Vestfjörðum

**Helstu verkefni eru:**

- Vinnuvéla- og tækjaeftirlit
- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í landbúnaði
- Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Staðgóð tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í tölvunotkun æskileg.

Um er að ræða 100 % starf með staðsetningu á Ísafirði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Starfssvið viðkomandi eftirlitsmanns nær að Holtavörðuheiði í Gilsfjarðarbotn ásamt norðanverðu Snæfellsnesi.

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt greinagóðum upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði fyrir 16. maí 2007. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Valgeiri Haukssyni umdæmisstjóra, skrifstofu Vinnueftirlitsins á Ísafirði, s. 450-3080 895-1594, (valgeir@ver.is), Magnúsi Guðmundssyni deildarstjóra vinnuvéladeildar og Þórunni Sveinsdóttur deildarstjóra þróunar- og eftirlitsdeildar, s. 550 4600.

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980.

Meginmarkmið Vinnueftirlitsins

• Að á vinnustöðum sé leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi með tiltækri þekkingu og bestu fáanlegri tækni.

• Að tíðni vinnuslysa og atvinnutengdra sjúkdóma sé með því lægsta sem gerist í þeim löndum, sem Ísland er helst borið saman við, og starfsánægja með því besta sem gerist.

• Að staðtölur vinnuslysa, atvinnutengdra sjúkdóma og vellíðunar á vinnustöðum gefi glögga mynd af þróuninni hérlendis og hvernig henni miðar í samanburði við þau lönd sem Ísland er helst borið saman við.

UMFA

## Afturelding - framkvæmdastjóri

### Aðalstjórn Aftureldingar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í 100% starf.

Við leitum að einstaklingi með viðskipta/rekstrarmenntun eða sambærilega menntun auk brennandi áhuga á íþróttum. Ráðningartími eftir samkomulagi. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma því starfinu getur fylgt erill utan dagvinnutíma.

**Helstu verkefni**

- Utanumhald og eftirlit á rekstri félagsins s.s. bókhaldi, launamálum, fjármálaumsýslu, starfsmannahaldi, kynningarmálum og fl.
- Aðstoð við stjórnir deilda í rekstrar og fjármálum deilda.
- Þjónusta við iðkendur og stjórnir deilda.
- Verkefnastjórnun í átaksverkefnum félagsins.
- Samskipti við önnur íþróttafélög og bæjaryfirvöld.
- Ritstjórn vefsíðu og FELIX félagakerfisins.
- Eftirlit og yfirsýn með fjáröflunum félagsins.
- Undirbúningur funda og annarra viðburða á vegum félagsins.

**Þekking-hæfni**

- Góð þekking á rekstri og fjárreiðum, gerð fjárhagsáætlana, bókhaldi og gerð ársreikninga.
- Þekking og reynsla af íþróttamálum.
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í störfum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum skilyrði.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2007.

*Umsóknir sendist til:*
Ungmennafélagið Afturelding
Íþróttamiðstöðinni Varmá
270 Mosfellsbær
eða á netfangið umfa@simnet.is

Upplýsingar um starfið gefa Erna Reynisdóttir, umfa@simnet.is s. 566 7089 eða Jón Pálsson, jon@ans.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Afturelding er framsækið og öflugt íþrótta- og ungmennafélag í Mosfellsbæ með blómlegan rekstur. Aðsetur þess er í íþróttahúsinu við Varmá í Mosfellsbæ. Félagið rekur 11 íþróttadeildir í samvinnu við sjálfboðaliða sem stjórna deildum: knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, fimleikadeild, sunddeild, badmintondeild, blakdeild, karatedeild, körfuknattleiksdeild, frjálsíþróttadeild, taekwondodeild og íþróttaskóla barnanna. Hjá félaginu starfa hátt í 50 þjálfarar, framkvæmdastjóri auk starfsmanns á skrifstofu.



## Aðstoðarmaður óskast

**Við óskum eftir hraustum laghentum aðstoðarmanni við uppsetningar í reykröradeild okkar.**

***Upplýsingar á staðnum og eða fyrirspurnir á blikkas@blikkas.is (ekki í síma).***



BLIKKÁS – FUNI

Smiðjuvegi 74 - 200 Kópavogur - sími: 515 8700
www.funi.is - www.blikkas.is

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

## Félagsliðar - starfsfólk í heimaþjónustu

Félagsmiðstöðin Árskógum 4 óskar eftir félagsliðum og starfsmönnum í félagslega heimaþjónustu.

Störfin fela í sér aðstoð við almenn þrif, heimilishald og félagslegan stuðning.
Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að gera fólki kleift að búa á eigin heimili eins lengi og mögulegt er.

Einnig óskum við eftir starfsmönnum í sumarafleysingar við félagslega heimaþjónustu, vinnu á vernduðum heimilum og kvöld- og helgarþjónustu.

Krafist er færni í mannlegum samskiptum og ríkrar þjónustulundar.
Við veitum starfsfólki góðan stuðning og aðlögun í starfi.
Aldursskilyrði í þessum störfum er 18 ár.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veita Elísabet E. Jónsdóttir og Pála Jakobsdóttir í síma 535 2700. Netföng: elisabet.eyglo.jonsdottir@reykjavik.is og pala.jakobsdottir@reykjavik.is
Umsóknum skal skilað í félagsmiðstöðina Árskógum 4, 109 Reykjavík fyrir 8. maí nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

ÍSAM

ora — Frón — KEX

*Íslensk Ameríska á og rekur Mylluna, Ora, Frón og Kexsmiðjuna. Auk þeirra á fyrirtækið áfengisheildsöluna Mekka Wines & Spirits og á stóran hlut í TGI Friday's og Burger King. Að auki á Íslensk Ameríska hlut í bifreiðaumboði Heklu og Öskju.*

*Íslensk Ameríska er í hópi öflugustu fyrirtækja á neytendavörumarkaði í dag. Innan matvörusviðs fyrirtækisins eru mörg af þekktari vörumerkjum á Íslandi þ.m.t. Ora, Frón og Kexsmiðjan auk erlendra vörumerkja eins og BKI Kaffi, Campbell's, Gerber barnamatur, Canderel, Hershey's og fjöldi annarra.*

*Mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og gott starfsumhverfi. Starfið er krefjandi og mikil hvatning um að ná árangri, hvort heldur persónulega eða fyrirtækisins.*

www.isam.is

# Markaðsstjóri

## Íslensk Ameríska óskar eftir að ráða markaðsstjóra matvörusviðs.

**Starfssvið**

- Yfirumsjón með markaðsmálum
- Stefnumótun auglýsinga- og kynningarmála allra vörumerkja
- Stýring vöruþróunar og umbúðahönnunar fyrir framleiðslufyrirtækin
- Samskipti við erlenda birgja
- Skipulagning söluhvetjandi aðgerða fyrir söludeild matvörusviðs

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti skilyrði
- Mikill metnaður og frumkvæði
- Drifkraftur og framkvæmdagleði

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 30. apríl nk.
Nánari upplýsingar um starfið veita Elísabet Sverrisdóttir og Kristín Guðmundsdóttir, ráðgjafar hjá Hagvangi.
Netföng: elisabet@hagvangur.is og kristin@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

## Kjörskrá í Flóahreppi vegna alþingiskosninga 12. maí 2007

Sbr. 26. gr. laga um kosningar til Alþings nr. 24/2000 auglýsir sveitarstjórn Flóahrepps að kjörskrá vegna alþingiskosninga þann 12. maí 2007, liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg, almenningi til sýnis frá 30. apríl 2007 til kjördags á skrifstofutíma, frá kl. 9.00-16.00.

**Sveitarstjóri**


Holt & Gott

## Holt & Gott ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra og lagermann

Uppl. veitir Ægir Kópsson s. 8435101.


## SALA & AFGREIÐSLA

Fyrirtæki með innréttingar og skyldar vörur óskar eftir að ráða starfsmann til sölu- og afgreiðslustarfa.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Fullum trúnaði heitið. Góð laun í boði.

Ekki um sumarstarf að ræða.

Umsóknir sendist til **box@frett.is** merkt Sala-333 fyrir 1. maí.

## Handknattleikssamband Íslands óskar eftir starfsmanni í fullt starf

**Starfssvið:**
- Vinna að fræðslu og útbreiðslumálum fyrir Handknattleikssamband Íslands.
- Markaðsstarf varðandi úrvalsdeild karla og kvenna
- Skipulagning skólamóta
- Almenn skrifstofustörf

Leitað er að einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum og gæddur þjónustulund. Frumkvæði er góður kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir og ferilskrá óskast send á einar@hsi.is fyrir 27.apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Einar Þorvarðarson einar@hsi.is

HSÍ 50 STOFNAÐ 11 JÚNÍ 1957

málning

## STARF Á RANNSÓKNARSTOFU

Málning óskar að ráða starfsmann á rannsóknarstofu fyrirtækisins.

**Starfssvið:** Prófanir af ýmsu tagi einkum tengdar vöruþróun. Um fjölbreytt starf er að ræða.

**Hæfniskröfur:** Stúdentsprófi af raungreinabraut, reynsla af hliðstæðum störfum æskileg.

Nánari upplýsingar í síma 580 6000 milli kl 15:00 og 17:00.

Vinsamlegast sendið inn umsóknir fyrir 26. apríl næstkomandi.

Málning ehf Dalvegi 18, 201 Kópavogur
**www.malning.is**

## Viltu spennandi sumarstarf í ferðaþjónustu?

Viltu auka tungumálakunnáttu þína og fá betri innsýn í ferðaþjónustuna?

**Okkur vantar í :**
**Afgreiðslu:**
Röska menn og konur í afgreiðslu á Keflavíkurflugvelli í vaktavinnu. Okkur vantar á vaktir 1 og 2 frá 18:00-04:00 og 18:00-05:00. Einnig vantar á starfstöð Budget í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa tungumálakunnáttu (Enska skilyrði), ríka þjónustulund og hreint sakavottorð.

**Þvott og standsetningu:**
Okkur vantar í þrif og standsetningu á bílum. Unnið eftir vaktafyrirkomulagi 2-2-3.

AVIS
Budget Car Rental

Umsóknir skulu berast til afgreiðslu Avis/Budget í komusal flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eða á tölvupósti á **ingi@alp.is** fyrir **1. maí**

ALP ehf. er ein af stærstu bílaleigum landsins með einkaleyfi á vörumerkjunum Avis og Budget. Undir þessum vörumerkjum eru reknar tvær af stærstu bílaleigum heims.
Samtals hafa Avis og Budget fleiri en 6.000 útleigustöðvar og yfir 26 milljónir bíla um allan heim. Frekari upplýsingar um Avis og Budget er hægt að fá á www.avis.is og www.budget.is

## KÓPAVOGSBÆR

## Skapandi sumarstörf fyrir ungt fólk í Kópavogi

Í sumar verður ungu fólki á aldrinum 18-24 ára gefinn kostur að vinna að skapandi verkefnum í Kópavogi. Hægt er að sækja um störf í allt að 8 vikur frá 04.06.-28.07. Skila þarf inn umsókn þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

- **Greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og markmiðum**
- **Tíma- og fjárhagsáætlun verkefnisins**
- **Upplýsingar um húsnæði, aðstandendur verkefnisins og tengilið verkefnisins**

Við val á umsóknum verður m.a annars tekið tillit til raunhæfni og frumleika verkefnis, reynslu umsækjenda, fjárhagsáætlun verkefnisins, fjölbreytni verkefna, kynjahlutfall umsækjenda og gæði umsókna.

Umsóknum skal skilað í seinasta lagi 30. apríl til Tómstunda- og menningarsviðs Kópavogs, Fannborg 2, 200 Kópavogi, merktum **"Skapandi sumarstörf,"** en auk þess þarf að sækja um hjá Kópavogsbæ um sumarstarf á heimasíðunni ***www.kopavogur.is*** og þarf útprentuð staðfesting að fylgja umsókninni. Nánari upplýsingar veitir Linda Udengård æskulýðsfulltrúi í síma 570-1600 eða í netfangi lindau@kopavogur.is

**Athugið að eingöngu er um laun til einstaklinga að ræða en ekki önnur fjármögnun á verkefninu.**




Atvinna.is Sími: 552-9300
Starfsráðningar • Ráðgjöf • Námskeið

Ertu að leita að starfi ?
**Skráðu þig hjá okkur**

Ferilskrá er hægt að senda á netfangið umsokn@atvinna.is
þar sem leitin hefst


Grunnskóli Siglufjarðar
*Fræðsla frá 1883*

**Okkur á Siglufirði vantar nokkra menntaða kennara til starfa fyrir næsta skólaár. Meðal kennslugreina eru: Almenn kennsla, dans, heimilisfræði, íþróttir, sérkennsla, textílmennt, upplýsingamennt og tæknimennt. Einnig vantar kennara í ensku og samfélagsfræði á unglingastigi. Umsóknafrestur er til 15. maí n.k.**

Við höfum stefnt að markvissri uppbyggingu á skólastarfinu. Unnið gegn einelti skv. Olweus áætlun og vinnum að Grænfána. Við höfum notið þess að læra og ná árangri saman. Áhugasamir hafi samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 464-9150 og 845-0467 eða í gegnum netfangið skolastjori@sigloskoli.is. Upplýsingar um skólann okkar er að finna á www.sigloskoli.is og upplýsingar um byggðalagið á **www.siglo.is**

*Mannlíf og menning Siglufjörður tilheyrir nú sveitarfélaginu Fjallabyggð. Með göngum á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar batna samgöngur í Tröllaskaga verulega. Á Siglufirði er góður leikskóli og tónlistarskóli, öflug heilsugæsla, ný líkamsræktarstöð, íþróttahús, sundlaug og eitt af betri skíðasvæðum landsins. Á undanförnum árum hefur Síldarminjasafnið byggst upp og vakið verðskuldaða athygli. Síðastliðið sumar tók Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar til starfa.*

***VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR.***

Flugfjarskipti ehf.

## Deildarstjóri þróunardeildar

Flugfjarskipti ehf óska eftir að ráða deildarstjóra þróunardeildar fyrirtækisins.

**Starfssvið:**
Deildarstjóri þróunardeildar hefur umsjón með uppbyggingu nýrra kerfa og búnaðar Flugfjarskipta, auk þess að veita rekstrardeildum stuðning.

Starfið felur meðal annars í sér rannsóknir, þarfagreiningu, áætlanagerð, kerfishönnun, eftirlit með framkvæmdum og prófanir kerfa.

**Hæfniskröfur**
Við gerum kröfu um háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði eða sambærilegu.

Þekking á uppbyggingu og rekstri fjarskiptakerfa, auk þekkingar á þráðlausum fjarskiptakerfum. Reynsla af uppbyggingu og rekstri UNIX kerfa, gagnagrunna, TCP/IP og forritun í "C" eða "C++"er æskileg.

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, sýnir frumkvæði í starfi og hefur lipra og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að geta unnið undir álagi.

**Í boði er spennandi starf í öruggu og góðu starfsumhverfi.**

Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Brandur St. Guðmundsson í síma 563-6529 eða brandur@gannet.is

Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd sendist Flugfjarskiptum, Sóleyjarima 6, 112 Reykjavík, fyrir 7. maí næstkomandi. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugfjarskipta www.gannet.is

Öllum umsóknum verður svarað.

Flugfjarskipti ehf er að fullu í eigu Flugstoða ohf og sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 45 og starfssemin er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM:

# DEILDARFULLTRÚI TÓNLISTARDEILDAR

Listaháskóli Íslands leitar að skipulögðum og drífandi einstaklingi í starf **deildarfulltrúa tónlistardeildar**. Tónlistardeild er staðsett á Sölvhólsgötu 13, 101 Reykjavík.

Deildarfulltrúi hefur umsjón með nemendaskráningu, kennsluskrár- og stundatöflugerð, og einkunnaskráningu. Hann vinnur við móttöku og úrvinnslu umsókna um nám við deildina, heldur utan um starfsmannaupplýsingar hennar, og miðlar upplýsingum til nemenda, kennara og almennings um starfsemi deildarinnar. Starfið er bæði fjölbreytt og erilsamt.

Við ráðningu er horft sérstaklega til þess að umsækjandi sé skipulagður, vandvirkur, og hafi ríka þjónustulund. Hann þarf að geta unnið sjálfstætt og tekið frumkvæði þegar við á. Góð enskukunnátta er æskileg.

Deildarfulltrúi heyrir undir háskólaskrifstofu en vinnur náið með deildarforseta, kennurum og nemendum.

- ***Umsóknum með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum a.m.k. tveggja meðmælenda skal skila á skrifstofu skólans, Skipholti 1, 105 Reykjavík eða á netfangið annakristin@lhi.is eigi síðar en miðvikudaginn 2. maí, 2007 .***
- ***Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna þeim öllum. Fyrirspurnir um starfið skulu sendar á netfangið annakristin@lhi.is***

*Laus störf við Listaháskóla Íslands standa opin jafnt konum sem körlum og við ráðningar er jafnréttissjónarmiða gætt.*

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

REIKNISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

## FORRITARI

**Reiknistofnun leitar að færum forritara sem vill starfa í skapandi og skemmtilegu starfsumhverfi.**

**Um Hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar**
Reiknistofnun er tölvudeild Háskóla Íslands og Hugbúnaðarþróun sér um alla innanhúss hugbúnaðargerð skólans. Öflugt starfsmannafélag og jákvæður starfsandi hefur gert Reiknistofnun að skemmtilegum stað til að vinna á og nábýli við helstu fræðimenn þjóðarinnar og akademíska starfshætti hefur gert Reiknistofnun að uppvaxtarstöð margra þekktustu forritara Íslands.

**Um starfið**
Starfið felst í því að hanna og smíða Uglu, sem er innri vefur Háskóla Íslands. Uglan er einn stærsti og mest notaði vefur á Íslandi. Innan Uglu fara fram samskipti nemenda, kennara og starfsfólks Háskóla Íslands.

**Um starfsmanninn**
Við leitum að aðila með reynslu af forritun í PHP eða sambærilegu máli. Reynsla af Linux, Apache og gagnagrunnsforritun er kostur. Háskólamenntun á sviði raungreina er kostur en áhugi og reynsla eru skilyrði.

Sjá nánar á www.rhi.hi.is, www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun Háskólans.




Vegna vaxandi umsvifa óskar MEST eftir að ráða fólk í eftirtalin störf:

## Sölufulltrúi – múrvörudeild

**Starfssvið:**
- Sala, tilboðsgerð og eftirfylgni
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og reynsla af íslenskum byggingariðnaði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar

## Sölufulltrúi – steypusala og almennar byggingavörur

**Starfssvið:**
- Sala, tilboðsgerð og eftirfylgni
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og reynsla af íslenskum byggingariðnaði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar

## Lagerstarfsmaður – leiga

**Starfssvið:**
- Afgreiðsla pantana
- Símsvörun
- Almenn lagerstörf

**Hæfniskröfur:**
- Vinnuvélaréttindi eru kostur
- Lyftararéttindi eru kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt starfsferilskrá á skrifstofu MEST, Fornubúðum 5, 220 Hafnarfjörður, eða í tölvupósti á netfangið: umsoknir@mest.is. Hrafnhildur Harðardóttir veitir nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir. Traust og persónuleg þjónusta eru aðalsmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa 270 manns á 8 starfsstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá öllu okkar starfsfólki.

mest
– allt til bygginga


FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Fjölbreytt skrifstofustarf

Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS Icelandic Film Centre

*Kvikmyndamiðstöð Íslands (KMÍ) veitir styrki til leikinna kvikmynda og stutt- og heimildamynda úr Kvikmyndasjóði og fylgir verkum úr hlaði sem styrkt hafa verið af KMÍ á kvikmyndahátíðum erlendis.*

*Kvikmyndamiðstöð er með aðsetur að Túngötu 14, Reykjavík. www.kvikmyndamidstod.is*

**Kvikmyndamiðstöð Íslands óskar að ráða starfsmann til almennra skrifstofustarfa.**

**Starfssvið**
- Símsvörun og umsjón með póstsendingum
- Skráning og vinnsla gagna
- Aðstoð við gerð og útsendingu kynningarefnis
- Vinna við heimasíðu
- Undirbúningur funda
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð íslensku- og enskukunnátta, Norðurlandamál er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að starfa sjálfstætt
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum

Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisstarfsmanna.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 7. maí nk. Upplýsingar veitir Elísabet Sverrisdóttir. Netfang: elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg



## Fjármálasvið auglýsir eftir bókurum

**Störf bókara á skrifstofu borgarbókhalds á Fjármálasviði eru auglýst laus til umsóknar.**

Leitað er eftir metnaðarfullum, samviskusömum einstaklingum sem eru opnir fyrir tækifærum og reiðubúnir til að sýna frumkvæði í störfum og samskiptum.

**Ábyrgðarsvið**
- Skráning bókhalds
- Ráðgjöf við bókunarstaði hjá Reykjavíkurborg

**Helstu verkefni**
- Móttökuskráning og lyklun
- Bókun millifærslna og yfirferð
- Ráðgjöf til bókunarstaða við bókanir.
- Taka út dagbók og stemma af við skráða reikninga.
- Upplýsingagjöf til innri og ytri viðskiptavina.
- Önnur tilfallandi störf.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Viðeigandi menntun.
- Nákvæmni, sjálfstæði í starfi,
- Mjög góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileika, frumkvæði, áhuga og metnað til að ná árangri í starfi

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Ösp Gylfadóttir, starfsmannastjóri (hildur.osp.gylfadottir@reykjavik.is) í síma 664 7702 eða Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari í síma 411-3706. Umsóknir skulu sendar rafrænt til starfsmannastjóra á netfangið hildur.osp.gylfadottir@reykjavik.is og verður móttaka umsókna staðfest. Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2007.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Leiðarljós Fjármálasviðs er að þróa og innleiða hjá Reykjavíkurborg nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála, reikningshaldi og fjárhagsáætlunargerð og veita viðskiptavinum Fjármálasviðs, þ.e. sviðum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, borgarfulltrúum og borgarbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er, með hagkvæmum hætti. Um 50 starfsmenn starfa hjá Fjármálasviði þar af um 35 í borgarbókhaldi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

NOVA

Nova leitar eftir verk- og tölvunarfræðingum, vefurum og netstjórum í ýmis störf á tæknisviði. Klárir og áhugasamir munu starfa við þróunarvinnu, kerfishögun, vefhönnun og margvíslegan net- og kerfisrekstur.

Allar nánari upplýsingar um Nova á www.nova.is

## Lagerstarf.

Óskum eftir röskum starfskrafti til lagerstarfa.
Starfið felst í móttöku og tiltekt á vöru.
Gott starfsumhverfi með hressu fólki.
Vinnutími 8:00-17:00 virka daga.

Umsóknir berist til
Danco Melabraut 19,
220 Hafnarfjörður
eða á siggi@danco.is

DANCO www.danco.is

byggt og búið
Kringlunni 568 9400
Smáralind 554 7760

## DEILDARSTJÓRI

**Óskum eftir samstarfi við manneskju í starf deildarstjóra heimilistækja/heimilisvöru.**

Starfið felst í almennri sölumennsku, vöruframsetningu, innkaupum og samskiptum við birgja. Viðkomandi þarf að vera jákvæð, drífandi og með ríka þjónustulund. Ágæt laun fyrir rétta manneskju, sem þyrfti að byrja sem fyrst.

Vinsamlega hafið samband við Hallgrím 893-8303 eða Elly 896-6212. Sendið okkur E-mail: elly@byggtogbuid.is eða sendið inn umsókn:
Byggt og búið, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík.

## Skrifstofustarf

Óskum eftir að ráða starfsmann í 60-80% starf á skrifstofu okkar. Helstu verkefni eru reikningagerð, innheimta, bókhald og launaútreikningur.

Unnið er á Stólpa bókhaldskerfi.
Vinnutími getur verið samkomulag.

